



## Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

116. fundur skóla- og frístundaráðs, 22. mars 2017, [sjá fundargerð](#)

15. liður

### Varðandi kennslu í list- og verkgreinum

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nýverið var [staðfest](#) að réttur nemenda til kennslu í list- og verkgreinum er ekki virtur. Samkvæmt útreikningum Hagstofunnar sem byggja á gögnum skólanna frá skólaárunum 2013-16 er staðan verst í Reykjavík. Þetta eru slæm tíðindi. Nemendur óska yfirlétt eftir meira verk- og listnámi. Brýnt er að bregðast við þessu því yfirmenn menntamála virðast hafa haft einbeittan vilja til að auka vægi samræmdra prófa sem getur unnið gegn yfirlýstum vilja fræðsluyfirvalda um allt land, sem er að auka einmitt vægi list- og verkgreina í grunnskólum.

Framsetning á viðmiðunarstundaskrá í starfsáætlun skólanna og hvernig kennslumínútum er skipt milli námssviða er mjög ólík í grunnskólum. Það getur verið mjög erfitt fyrir m.a. fulltrúa foreldra að greina hvort að skólinn virði lágmarksrétt nemenda til kennslu í list- og verkgreinum.

- Hvernig hyggst skóla- og frístundaráð bregðast við þessum niðurstöðum og tryggja rétt nemenda til kennslu í list- og verkgreinum skv. lágmarksviðmiðum í aðalnámskrá?